

Stjórnarfundur TSÍ 09.04.2008

Mættir voru : Skjöldur, Jónas, Ingólfur, Gunnar

Skjöldur ræddi Evrópuþingið í Kaupmannahöfn. Hann og Raj lögu áherlsu á 2 mál: Að komast á Norðurlanamót 13-15 ára og losna við að greiða árlegt gjald vegna þátttöku í Evrópusamstarfi. Það nemur 12% af rekstrarkostnaði sambandsins sem er allt of mikið. Vonir eru bundnar við jákvæð viðbrögð varðandi bæði málin.

Menn ræddu nauðsyn þess að fá fleiri til liðs til þess að stækka og bæta umgjörð tennisíþróttarinnar á Íslandi. Jónas nefndi Jósep og Karólu sem hafa mikinn áhuga á að starfa að tennismálum hér. Ætlar að ræða við þau. TSÍ þarf að stofna nefndir til að vinna að þessum málum. Svo sem mótanefnd, dómaranefnd, fjáröflunarnefnd, fjöliðlafulltrúa o.fl. Tilvalið er að ræða þessi mál á ársþinginu. Ingólfur nefndi það sérstaklega mikilvægt að deila verkefnum á stjórnarmenn sem fylgt er vandlega eftir. Einnig er mikilvægt að "smala" áhorfendum á stærri mót.

Búið era ð auglýsa ársþingið og allt klárt. Skjöldur ræddi hugsanlega lagabreytingar en þar telur hann að varlega þurfi að stíga til jarðar. Hugsanlega megi prófa aðrar leiðir til að ná fram breytingum til batnaðar.

Jónas nefndi að bæta þurfi umgjörðina um tennismót hér á landi. Setja upp áhorfandabekki, auglýsingar og reyna að fá fjölmiðla á staðinn. Einnig þurfi verðlaunaafhending og hóf á eftir að vera okkur til soma.

Jónas bað um að fá afnot af fánum á skrifstofu Tennissambandsins í Tennishöllina og var ákveðið að veita honum það.

Aftur var rætt nauðsyn þess að fleiri taki þátt í allri vinnunni við mótin. Nefndir voru aðstandendur keppnisfólks og fleiri velunnarar Tennis á Íslandi. Jónas nefndi þá hugmynd að hafa dómarahappdrætti núna á Íslandsmótinu. Menn fái miða fyrir hvern leik sem þeir dæma. Síðan verði vinningar dregnir út. Mönnum leist vel á þetta. Varðandi Íslandsmótið sem byrjar á morgun var lögð til eftirfarandi verkaskipting: Raj/Hafsteinn sjá um dómarahappdrættið, Ingólfur og Skjöldur verða blaðafulltrúar og munu reyna að kynna mótið fyrir fjölmiðlum og Jónas sér um lokahófið.

Skjöldur mun boða mjög fljótlega til næsta fundar.

Gunnar Finnbjörnsson ritari

